

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Garðabær, 31. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0025
IAS

Efni: Frístundabyggð við Eiða. Auglýst tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Vísað er í erindi frá Múlaþingi, dagsettu 12. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um frístundabyggð við Eiða.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir um málið á fyrri stigum, dags. 17. febrúar 2023 og 19. desember 2023. Í þeim umsögnum kom fram að skipulagssvæðið einkennist af verðmætum vistgerðum og ríku fuglalífi og er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúru-minjaskrár vegna vistgerða á landi, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/utherad>).

Í náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar má sjá að svæðið er hluti af Eiðagriðlandi sem einkennist af fjölbreyttu landslagi, vötnum, tjörnum, blám, skóglendi o.fl. Þá eru votlendisflákar innan skipulagssvæðisins sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og náttúrulegur birkiskógur.

Á svæðinu er enn fremur mikið og fjölbreytt fuglalíf. Grágæs er þar mjög algeng og meðal annarra vatnafugla má nefna himbrima, lóm, flórgoða, álft, rauðhöfðaönd, skúfönd, stökkönd og urtönd. Rjúpa er einnig algeng sem og ýmsar spörfuglategundir. Oft má sjá skúm á veiðum og kría og ýmsir máfar sækja líka í Eiðavatn (Halldór W. Stefánsson, óbirt gögn). Þá má gera ráð fyrir háum þéttleika vaðfugla á votlendissvæðum milli kjarrásanna og í öðrum opnum búsvæðum.

Fram kemur á bls 5 í auglýstri tillögu að lög um skóga eigi ekki við um svæðið, því þar sé skógur undir 2 metrum á hæð. Að mati Náttúrufræðistofnunar er þetta ekki rétt. Í lögum um skóga og skógrækt (lög nr. 33/2019) er skógur skilgreindur í 2.gr.:

- 12. Skógur: Land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og minnst 20 m breytt, þar sem ríkjandi trjágróður nær a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónuþekju.

Náttúrulegt birki er á stórum hluta skipulagssvæðisins samkvæmt skóglendisvefsjá Lands og skógar og er núverandi hæð trjágróðurs 1,3 - 2 m, hæðarflokkun fullvaxta 2 - 5 m og 60% krónuþekja. Birkið á skipulagssvæðinu telst því vera skógur og fellur undir lög um skóga og skógrækt og ákvæði V. kafla um Vernd, endurheimt, umhirðu og nýtingu skóga.



Þó að verulega hafi verið dregið úr umfangi fyrirhugaðrar frístundabyggðar frá fyrstu tillögum sem er afar jákvæð breyting að mati Náttúrufræðistofnunar, þá mun núverandi áformum engu að síður enn fylgja verulegt rask á votlendi og náttúrulegu birki og skerðing á búsvæðum fugla.

Í mati á áhrifum er gert ráð fyrir að byggingar og vegir skv. tillögunni hafi einkum áhrif á gróður, ásýnd svæðisins og útivistargildi og ónæði vegna aukinnar umferðar. Þrátt fyrir ábendingar Náttúrufræðistofnunar er ekkert fjallað um áhrif á fuglalíf og úr því ætti að bæta.

Talið er að um 6 ha raskist vegna bygginga og vega og hugsanlegt er að eigendur frístundahúsa komi með ýmsar tegundir inn á svæðið sem ekki eru þar fyrir. Þetta er talið neikvætt en til mótvægis á að setja skilmála um að gróðri sé ekki raskað umfram þarfir en ekki er minnst á að settir verði skilmálar til að koma í veg fyrir dreifingu framandi og hugsanlega ágengra tegunda. Það að nú þegar vaxi á svæðinu ýmsar tegundir sem teljast framandi og ágengar er að mati Náttúrufræðistofnunar ekki gild rök fyrir því að ekki sé þörf fyrir mótvægisáðgerðir eða herta skilmála um gróðursetningu. Nær væri að fara í átak til að útrýma ágengum tegundum eða a.m.k. koma í veg fyrir frekari dreifingu.

Kanna þarf útbreiðslu eggtvíblöðku, friðaðrar plöntutegundar sem er skráð í Eiðahólma og gæti vaxið víðar innan fyrirhugaðs frístundasvæðis. Þá væri æskilegt að ekki fari fram frekari gróðursetning framandi trjáplantna innan svæðisins.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi mætti endurskoða staðsetningu fjögurra lóða sem fyrirhugaðar eru suður af Eiðavatni ásamt tilheyrandi vegtengingum. Hafa ber í huga að 50 m fjarlægð mannvirkja frá vatnsbakka er ekki nægileg til þess að tryggja viðunandi fuglavernd og ætti að miða við 100 metra.

Að lokum vill Náttúrufræðistofnun hvetja sveitarfélagið til að beita sér fyrir verndun sambærilegs svæðis á Úthéraði, þ.e. svæðis sem einkennist af fjölbreyttri og lítt raskaðri mósaiík vatna, votlendis og klapparása, og mætti líta til áðurnefndrar náttúrumæraskrár í því sambandi.

EKKI er gerð athugasemd við nýtt efnistökusvæði norðan bæjarins Fljótsbakka.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

